



Langar að hafa hátt og hafa áhrif hér heima

Brynja Huld Óskarsdóttir heimspekingur

„Það var svo hrikalega illa staðið að Brexit kosningunum í Bretlandi. Ég kaus meira að segja og ég er ekki einu sinni með kosningarétt þar! Maður bara þurfti ekki að sýna skilríki.“

— sjá bls. 6-9



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 25. ágúst 2016 · 31. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Þoka á Pollinum á Ísafirði. Mynd. Matthildur Jónu- og Helgadóttir.



MEGATILBOÐ

ALLAR PIZZUR Á 1.490 KR TIL SUNNUDAGSKVÖLDS

Kortleggur verstu blettina



Póst og fjarskiptastofnun vinnur nú að nákvæmum mælingum á farsímasambandi á þjóðvegum landsins. Meðal þess sem komið hefur í ljós er að afar slæmt farsímasamband er í Vattarfirði í Múlasveit í Reykhólahreppi þar sem bílslys varð fyrir helgina.

Þar komu íslensk hjón að, þar sem bíll með hjónum og

ungu barni þeirra á ferðalagi um landið, hafði farið útaf veginum og hafnað í sjónum. Maðurinn hafði komist í land með barn þeirra, en íslensku hjónin hjálpuðu konunni í land eftir að hún komst að sjálfsdáðum úr bílnum, sem þá var sokkinn.

Það var ekki fyrr en vörubílstjóra bar að, að símasamband náðist við Neyðarlínuna, en nánast ekkert símasamband er í Vattarfirði.

Á vef RÚV er greint frá að starfsmenn Póst og fjarskiptastofnunar hafa í sumar ekið þúsundir kílómetra á þjóðvegum landsins til að mæla raunverulegt símasamband. Við þær mælingar kom meðal annars í ljós að ástandið er slæmt í Vattarfirði, en ekkert samband mældist þar á löngum kafla í firðinum.

Stofnunin getur ekki sett þær kröfur á fjarskiptafyrirtækin að vegakerfið sé allt með farsímasamband, og ljóst að það yrði mjög kostnaðarsamt.



**Vélvirkinn sf.
Bolungarvík**

Atvinna

Verslunarstjóri/afgreiðslumaður.

Viljum ráða starfsmann í verslun okkar að Aðalstræti 13-15 í Bolungarvík.

Viljum einnig ráða vélvirkja eða mann vanan vélaviðgerðum.

Upplýsingar í síma 898-4915.

LÍN LÁNASJÓÐUR
ÍSLENSKRA
NÁMSMANNA

Jöfnunarstyrkur til náms

Umsóknarfrestur á haustönn 2016 er til 15. október n.k.

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá LÍN geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili og fjarri skóla).

Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef LÍN (www.lin.is)

Lánasjóður íslenskra námsmanna
Námsstyrkjanevnd



Kristinn H. Gunnarsson

– Sjónarmið –

Sjávarútvegur: atvinnugrein í djúpstæðum vanda

Það er mikill áróður hafður uppi um ágæti skipulagsins í sjávarútvegi. Því er haldið fram að íslenskur sjávarútvegur sé fremstur í heimi vegna framseljanlegs kvótakerfis þar sem veiðiréttindum er úthlutað ótímabundið í eitt skipti fyrir öll. Samkvæmt þessum áróðri er kerfið óumdeilt og eina deilufnið hvort skipting auðlindaársins milli þjóðarinnar og fárra kvótahafa sé réttlát.

Það er rétt að íslenskur sjávarútvegur stendur um margt framarlega. Greinin er opin fyrir tækninýjungum, sjómenn eru vel menntaðir og útsjónarsamir og fiskimiðin við landið eru óvenjulega gjöful. Þar eru verðmætar fisktegundir og mjög aðgengilegar. Sjávarútvegur er því arðbær og hefur alltaf verið. En engu að síður er glansmyndin af sjávarútveginum fjarri lagi. Það eru mörg atriði sem þarf að lagfæra. Djúpstæður vandi einkennir atvinnugreinina og hefur alvarleg áhrif um allt þjóðfélagið. Það á við um auðsöfnun fárra einstaklinga og því hefur fylgt söfnun valds og áhrifa í þjóðfélaginu. Þetta má meðal annars sjá í ójafnri stöðu launþega gagnvart útgerðarvaldinu og ráðandi áhrifum þess í einstökum byggðarlögum. Afleiðingar kerfisins skína

berlega í gegn í sterkum tókum kvótahafanna á stefnumótun margra stjórnmalaflokka og verk þeirra við völd. Sjávarútvegurinn er efnahagslega svo stór atvinnugrein að þegar innan við 50–100 manns eru komnir með ráðandi stöðu innan hans eru völd hópsins í íslensku þjóðfélagi orðin gríðarleg. Þessi valdahópur hagar sér rétt eins og sambærilegir hópar í öðrum þjóðfélögum. Kappkostað er að festa í sessi völdin og áhrifin til langs tíma og þvinga aðra til undirgefni. Samkeppni og almennar leikreglur eru skaðlegar einokunarhagsmunum og þess vegna er lagst þversum gegn þeim. Innköllun veiðiheimilda og endurúthlutun með uppboðsáferð er eitur í beinum varðmanna núverandi kerfis. Þjóðfélagslegu afleiðingar kerfisins í sjávarútvegi eru almenningi skaðlegar, rétt eins og hefur verið reynslan hérlendis og erlendis af samsvarandi aðstæðum í ýmsum atvinnugreinum.

Skortur á samkeppni

Skortur á samkeppni hefur afleiðingar. Atvinnugrein sem einkennist af því staðnar og skilar minni verðmætum út um þjóðfélagið. Þrátt fyrir allt talið um besta sjávarútveg í heimi segja skýrslur aðra sögu þegar að er gáð. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri vann skýrslu

um sjávarútveginn sem birt var í maí 2010. Þar var gerð úttekt á þróun í fiskveiðum og borið saman við þróun í fiskvinnslu. Á árunum 1991–2008 varð mikil breyting í sjávarútveginum í heild og störfum fækkaði úr 14.200 í 7.300. Það sem kemur á óvart er hversu misjöfn þróunin varð í veiðunum borið saman við vinnsluna. Í fiskveiðunum ríkti nánast kyrrstaða. Skipaflotinn dróst saman með minnkandi heildarveiði á þessu árabili og reyndar minnkaði flotinn minna en aflinn því aflí pr. brúttórúmlust minnkaði úr 3,52 tonn á árinu 1999 í 2,93 tonn árið 2008. Framleiðnin í fiskveiðunum var árið 1991 112 þorskígildistonn á hvert starf, en árið 2008 var hún nánast sú sama eða 111 þorskígildistonn. Með öðrum orðum á þessu 18 ára tímabili sem einkenndist af áhrifum af framsali aflaheimilda varð engin framleiðni aukning. Það er engin samkeppni um aflaheimildirnar þar sem þeim var úthlutað til langs tíma með framsalinu. Þeir sem fengu kvótann hafa hann ótímabundið og þurfa ekki að búa við neina samkeppni um veiðiheimildirnar. Öryggið sem kvótakerfinu fylgir og hefur verið margrómað, skilar sér ekki í meiri framleiðni.

Öðru máli gegnir um fiskvinnsluna. Fiskvinnslan er opin

atvinnugrein. Það er ekki úthlutað takmörkuðum fjölda starfsléyfa. Þeir sem eru í fiskvinnslu búa við samkeppnisumhverfi. Á þessu tímabili frá 1991 til 2008 varð gífurleg framleiðni aukning í fiskvinnslunni. Árið 1991 var framleiðnin 87 þorskígildistonn á hvert starf en árið 2008 var hún orðin 151 tonn og hafði nærfeilt tvöfaldast. Samkeppnin þýddi að fiskvinnslufyrirtæki sem gátu ekki gengið að hráefninu vísu urðu að borga herra verð fyrir fiskinn. Það kallaði á framfarir. Útsjónarsamir menn ruddu sér til rúms og ýttu öðrum lakari til hliðar. Þessi þróun hefur ekki orðið í veiðunum. Þar hefur þvert á móti kerfið varið þá sem fyrir eru með því að gefa þeim færi á því að hagnast á dugnaði annarra með leigu veiðiheimilda. Þetta er fyrirhafnarlítill gróði. Sem dæmi má nefna að vestfirskt útgerðarfyrirtæki sem litið er á sem máttarstólpa í sinni byggð fær endurgjaldslaust frá sveitarfélaginu byggðakvóta sem það svo leigir annarri útgerð fyrir 214 kr/kg. Það er enginn hvati fyrir kvótahafann til þess að gera betur. Það er leiguliðinn sem verður að skera niður útgjöld til þess að mæta þessum mikla kostnaði í sínu bókhaldi.


Sjómenn borga
Ein afleiðing kerfisins er

yfirburðastaða kvótahafans í samskiptum við launamenn. Kvótahafarnir hafa velt umtalsverðum hluta af verði kvótans yfir á herðar sjómanna með lækun launa þeirra. Á smábátaflotanum hafa kjarasamningar frá 2007 staðfest um 45% lækun á skiptaprósentu sjómanna. Af sjómönnum er tekinn stór hluti launa þeirra og færður útgerðarmönnum til þess að borga kaup á kvóta. Þann kvóta á útgerðin ein. Í kjarasamningum annarra sjómanna er ákvæði sem lækkar laun sjómanna um allt að 10% þegar keypt er nýtt skip og rennur til útgerðarinnar. Útgerðin er oft einnig fiskkaupandi og kemst upp með að ákvarða verðið á fiskinum lægra en markaðsverð. Það lækkar hlut sjómanna um a.m.k. 20–30%. Svo sterk er staða útgerðarinnar að kjarasamningar hafa verið lausir í 5 ár og sjómönnum tekst ekki að fá bætt kjaraskerðinguna sem varð við afnám sjómannaafsláttarins, þrátt fyrir einmuna góða afkomu.

Niðurstaðan er sú að kerfið er bæði hagfræðilega og þjóðfélagslega meingallað. Atvinnugreinin er í djúpstæðum vanda.

Kristinn H. Gunnarsson
hagfræðingur og
stjórnmalafraeðingur.

Lenka og Jón sigruðu á Reykhólum



Hlynur Þór Magnússon sagnfræðingur á Reykhólum, sem átti frumkvæði að Minningarmóti Birnu flytur ávarp við setningu mótsins.

Íslandsmeistarinn Lenka Ptácníková og stórmeistarinn Jón L. Árnason sigruðu á Minningarmóti Birnu Norðdahl á Reykhólum laugardaginn 20. ágúst. Keppendur komu hvaðanæva að af landinu og var mikil stemning í íþróttahúsinu þar sem mótið fór fram við frábærar aðstæður.

Mótið var haldið til að minnast Birnu E. Norðdahl (1919–2004) sem var brautryðjandi í kvennaskák á Íslandi. Birna var bóndi og listakona og fyrsta konan sem sögur fara af að hafi teft á skákmóti hérlendis, árið 1940. Hún

átti frumkvæði og allan heiður af því að íslensk kvennasveit fór í fyrsta skipti á Ólympíuskákmót, í Argentínu 1978.

Íslenskar landsliðskonur í skák voru heiðursgestir á mótinu á Reykhólum, og í þeim hópi voru skákkonur sem tefldu með Birnu á Ólympíumótum 1978 og 1980. Þetta var hluti af upphitun kvennalandsliðsins fyrir Ólympíumótið í Bakú sem hefst eftir hálfra aðra viku.

Tefldar voru 8 umferðir með 10 mínútna umhugsunartíma og voru keppendur 37, þar af fjórir stórmeistarar. Í kvennaflokki urðu Lenka Ptácníková og Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir jafnar og efstar, en Lenka var hærri á stigum. Guðlaug Þorsteinsdóttir, sem varð fyrst kvenna Íslandsmeistari, árið 1975, hreppti bronsíð, en jafnar í 4.–7. sæti urðu Hrund Hauksdóttir, Veronika Steinunn Magnúsdóttir, Áslaug Kristinsdóttir og Sigurlaug R. Friðþjófsdóttir. Þær Áslaug, Guðlaug og Sigurlaug voru allar í landsliðinu samtíða Birnu, rétt eins og Svana Samúelsdóttir, sem tók núna þátt í skákmóti eftir langt hlé.

Í karlaflokki urðu Jón L. og Jóhann Hjartarson efstir og jafnir, en Jón var hærri á stigum. Í þriðja sæti varð Hannes Hlífar Stefánsson, sem mun leiða sveit Íslands á Ólympíumótinu í Bakú sem hefst núna í byrjun september.

Hrund og Veronika fengu verðlaun fyrir bestan árangur 20 ára og yngri, og heimamaðurinn Guðjón D. Gunnarsson (betur þekktur sem Dalli) varð efstur skákmanna með 2000 skákstig eða minna.

Vegleg peningaverðlaun voru veitt á mótinu. Verðlaun í kvennaflokki voru ívið hærri en hjá körlunum, og er það algjör nýbreytni á skákmótum. Það var að frumkvæði Finns Árnasonar forstjóra Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum, sem styrkti mótið með verulegu fjárframlagi. Auk þess tefldi Finnur á mótinu, þó að árangur hans þar hafi kannski ekki verið alveg í takti við peningaframlagið.

Fjölmenni var við setningu mótsins á Reykhólum og ríkti afar góður andi á mótinu. Samhliða fór fram sýning á munum sem tengjast Birnu, bæði listaverk eftir hana og verðlaunagripir



Brynjar Pálmi Björnsson og Hrafn Jökulsson. Brynjar hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir ómetanlega aðstoð við framkvæmd skákhátíðarinnar á Reykhólum.

hennar af skákmótum, sem og myndir sem tengjast sögu íslenskra skákkvenna.

Við setningu mótsins flutti Hlynur Þór Magnússon sagnfræðingur á Reykhólum ávarp, en hann var frumkvöðull að mótinu og skipuleggjandi ásamt Skákkfélaginu Hróknunum. Setningarávarpið flutti Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitastjóri Reykhólahrepps, og svo lék Birna E. Norðdahl, barnabarn skákdrottningarinnar, fyrsta leikinn fyrir Hrund Hauksdóttur gegn Hannesi Hlífari.

Í mótslok þakkaði Hrafn

Jökulsson forseti Hróksins fjölskyldu Birnu, fólkinu á Reykhólum og í Reykhólahreppi, keppendum og bakhjörllum, en þó sérstaklega Hlyni Þór Magnússyni, fyrir frumkvæðið og frábært samstarf við skipulagningu hátíðarinnar.

Í tilefni af hátíðinni færðu Hrókurinn og Þörungaverksmiðjan grunnskólanum á Reykhólum 10 tafsett að gjöf, og munu Hróksmenn efna til skákdaga í skólanum í haust. Mikill skákáhugi er meðal barna og ungmenna á Reykhólum og tóku þau virkan þátt í hátíðinni.

Kennarar!

Endurmenntunarferðir

fyrir leik-, grunn-, og framhaldsskólakennara með *Leikur að læra*.

Skipuleggjum ferðir til Boston, Berlín og Alicante. Bjóðum upp á fjölbreytt og spennandi námskeið og skólaheimsóknir fyrir öll skólastig.

Hafið samband og fáið tilboð í faglega og hressandi hópeflisferð fyrir ykkar skóla.

Nonni 899 0769

Kristín 899 0768 / kristin@leikuradlaera.is

www.leikuradlaera.is





Útgefandi: Athafnagledi ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Stafræn útgáfa: Á ferð um Vestfirði
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthafið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Með sóma

Á liðinni helgi var stórbærinn Ísafjörður í sviðsljósinu, bókstaflega. Höfuðborg allra landsmanna hendir í sína árlegu bæjarhátíð og býður bænum okkur að taka þátt, það er alvöru. Í ráðhúsi borgarinnar var fullt úr út dyrum, vestfirskar andlegar og líkamlegar veitingar, pönnukökur og tónlist. Úti í sólinni þar sem borgin skartaði sínu fegursta hlupu þúsundir manna í Reykjavíkummaraponinu, þar af margir Vestfirðingar, vöfllur í boði út um allt og mannmergðin gríðarleg. Það er ágreiningur milli okkar og höfuðborgarinnar um flugvöll, alvarlegur ágreiningur, en engu að síður er dýrmætt að eiga góð samskipti suður, þannig og aðeins þannig næst ásættanleg niðurstaða fyrir alla. Það kom enn einu sinni ljós í vikunni að flugvöllur í Vatnsmýrinni er ekki eina forsendan fyrir góðum flugsamgöngum til okkar hér á hjaranum, þegar þoka að morgni dags í Skutulsfirði olli frestun á flugi langt fram á dag, löngu eftir að þoku létti.

Nú flykkjast yngstu borgararnir í skólana, litlir sem stórir og flest eru börnin bæði glöð og kát, vel nærð og sáttn með sig og sína. Stöku barn ber þyngri bagga en bara skólastösku með bókum og um þau þarf að slá skjaldborg, helst að létta af þeim þessari aukþyngd ef hægt er. Það er hægt með stuðningi í náminu ef vandamálið liggur þar, með sálfræði og lækniástoð ef um líkamlega eða sálræna kvilla er að ræða og með félagslegri aðstoð ef heimilið nær ekki að takast á við hið daglega líf. Hlúum að börnunum og látum ekkert þeirra gleymast, hvert og eitt er mikilvægt. Sömu leiðis er mikilvægt að foreldrar allra barna taki hlutverk sitt sem uppalandi alvarlega, kenni börnum sínum samúð og að þau skuli koma fallega og vel fram við alla, særandi orð eru ekki aftur tekin. Einelti er dauðans alvara og engum á að líðast að eyðileggja skólagöngu barns.

Verum góðar fyrirmyndir

BS

Spurning vikunnar

Ferðu til berja?

Alls svöruðu 183.

Já, sögðu 115 eða 63%

Nei, sögðu 68 eða 37%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Vegir liggja til allra átta



er nauðsynlegt að byggja upp veg um Dynjandisheiði til að tryggja heilsársamgöngur milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar og virðist nú loks sem skriður sé kominn á málið.

Álftafjarðargöng

Fleiri verkefni eru brýn í samgöngumálum. Súðavíkurgöng (Álftafjarðargöng) hafa enn ekki komist á jarðgangaaætlun. Þyrftu þau þó að verða næst í röðinni með tilliti til umferðaröryggis eins og segir í þingsályktunartillögu sem ég lagði fram um málið á Alþingi, fyrst árið 2013 og aftur nú í vor.

Vegurinn um Kirkjubólshlíð og Súðavíkurlíð inn Djúp er talinn einn hættulegasti vegur landsins. Hann er helsta samgönguæð þeirra sem þurfa að komast landleiðina að og frá Ísafjarðarbæ og Bolungarvík yfir vetrarmánuðina. Dæmi eru um að fallið hafi flóð úr 20 af 22 skilgreindum snjóflóðafarvegum í Súðavíkurlíð í illviðrum undanfarinna ára. Í einu slíku veðri, ekki alls fyrir löngu, tepptu snjóflóð á hlíðinni allar bjargar og aðföng til og frá Ísafirði, Bolungarvík, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Slíkar aðstæður eru óásættanlegar fyrir íbúa á norðanverðum Vestfjörðum og hlýtur öllum að vera ljóst hvílkít öryggismál er hér um að ræða.

Stafrófið um Þorskafjörð

Þriðja brýna stórframkvæmdin er að sjálfsögðu vegurinn um Gufudalssveit. Nýi vegurinn leysir af hólmi núverandi Vestfjarðaveg (41,6 km) á milli Bjarkalundar og Skálaness um Þorskafjörð, Hjallaháls og

Ódrjúgsháls, og verður 18–20 km styttri en sá gamli.

Áralangar deilur hafa staðið um leiðarvalið, einkum vegna Teigskógar í Þorskafirði sem hefur tafið lausn málsins úr hófi fram. Skoðaðar hafa verið margar leiðir, merktar bókstófum sem spanna nú hálf stafrófið. Sem stendur er reynt til þrautar að ná fram B-leiðinni um Teigskóg – hún er ákjósanlegust að allra mati og vonandi að það takist. Ef ekki, kárnar gamanið því íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum geta ekki beðið lengur eftir ásættanlegum láglandssamgöngum og tengingu við hringveginn. Staðan væri þó ekki vonlaus. I-leiðin svokallaða gerir ráð fyrir þverun Þorskafjarðar og vegi inn með honum sunnanmegin í átt að Bjarkalundi. Þá leið mætti skoða ef ekkert gengur með Teigskóg. Hún er dýrari – en eins og fyrr segir þá er ekki boðlegt að láta málið velkjast mikið lengur.

Samstöðu er þörf

Enn er mikið verk óunnið í vegamálum okkar Vestfirðinga og því verðum við að standa saman sem einn maður um brýnustu úrbætur: Að ljúka við Dýrafjarðargöng, koma Álftafjarðargöngum inn í samgönguáætlun sem næstu jarðgangaframkvæmd á Vestfjörðum og ljúka vegalagningu um Gufudalssveit. Er þá ónefndur Árneshreppur á Ströndum sem enn er án vegasambands yfir vetrarmánuðina.

Vegir liggja til allra átta – en reynum sjálf að ráða för.

Ólína Kjerúlff Þorvarðardóttir, alþingismaður



Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Móttaka heyrnarfræðinga á ÍSAFIRÐI mið 31.ágúst og fim 1.sept

Staðsetning: v/HEILBRIGÐISSTOFNUN

HEYRNARMÆLING – RÁÐGJÖF –

HEYRNARTÆKI – AÐSTOÐ OG STILLINGAR



Nánari upplýsingar og tímabókanir í síma 581 3855 www.hti.is

NÝTT Í BÓNUS

Ný sending
LÆGRA VERÐ



498
kr. kg

Danpo Kjúklingur
Danskur, heill, frosinn



2.598
kr. 907 g

Risarækjur
Fulleldaðar, 907 g



2.298
kr. 10 kg

Jasmine Hrísrgrjón
10 kg - Verð áður 2.598 kr.

300kr
verðlækkun

GOTT VERÐ Í BÓNUS



2.198
kr. kg

Bónus 100% Kjúklingabringur
Ferskar, ekkert viðbætt vatn



1.898
kr. kg

Kjörfugl Kjúklingabringur
Ferskar



739
kr. kg

Kjörfugl Kjúklingur
Ferskur, heill

LÆGT VERÐ ALLA DAGA

NÝTT Í BÓNUS

540 M Í PAKKANUM



998
kr. pk.

Bónus Massi WC pappír
9 rúllur, 500 blöð á rúllu



98
kr. 1 L



Eplasafi, 1 L
Trönuberjasafi, 1 L

NÝTT Í BÓNUS



298
kr. 1 kg

Bónus Tröllahafnar
1 kg



898
kr. 500 g

Heima Möndlur með hýði
500 g - Verð áður 998 kr.



498
kr. 250 g

Bónus Tamari Möndlur
Ristaðar, 250 g - Verð áður 598 kr.



359
kr. 400 g

Bónus Chiafræ
400 g - Verð áður 398 kr.



90g
prótein

1kg

498
kr. 1 l

Eggjahvítur
1 kg

BÓNUS EKKERT BRUÐL



Brynja Huld Óskarsdóttir
heimspekingur

Langar að hafa hátt og hafa áhrif hér heima

Hverra manna ertu?

Útgeislunin drýpur af hverri hreyfingu og orði ungu konunnar sem situr á móti mér þar sem við sitjum yfir kaffibolla og hnetusmjörsköku á kaffihúsinu Bræðraborg á Ísafirði. Viðmælandi minn að þessu sinni er Ísafirðingurinn Brynja Huld Óskarsdóttir og við byrjum auðvitað á séríslensku spurningunni: Hverra manna ertu? „Ég er Jóhönnu Oddsdóttir, Odds Péturssonar og Magdalenu Margrétar Sigurðardóttur, ég er sem sagt Grænagarðs. Amma Lena er af Snæfellsnesinu, Hjarðarfellssfjölskyldunni. Ég grínast oft með þetta þegar fólk er að spyrja hverra manna ég sé að ég sé frá Hjarðarfelli í Hrísdal og þaðan komi „lengsti lærleggur sem mælst hefur á Íslandi!“ segir Brynja en hún 28 ára og fædd og uppalin á Ísafirði. Lærleggsgrín-ið vísar til þess að það liggur í genum móðurfjölskylda hennar að vera nokkuð hár í loftinu.

„Í okkar fjölskyldu er t.d. Fúsi handboltakappi, sem sagt mjög stórt fólk. Ég fór á ættarmót fyrir tveimur árum og þar voru bara allir 2.05 og 120 kg, eða litla fólk er tveir metrar og 120 kg, hinir eru stærri. Ég er bara þínulítill miðað við þá“ segir hún með öllum sínum 180 sentimetrum.

„Svo er ég stjúp dóttir Nonna Búbba, Jóns Ólafs Sigurðssonar. Það er mikið grín að með það í vinnu mínum að ég sé skilnaðarbarn, þegar raunin er sú að ég á tvö edalsett af foreldrum. Stjúpmamma mín heitir Andrea Vikarsdóttir og pabbi minn er Óskar Ævarsson, Ævars Ragnarsonar og Agnesar Steinu Óskarsdóttur, og ég segi nú ekki mjög mikið frá því en hann er frá Bolungarvík, ég er sum sé hálfur Víkari.“ segir hún glettin og hjarta Bolvíksinsins í blaðamanninum tekur kipp, eitthvað á hún sameiginlegt með viðmælanda sínum. Það kemur nefnilega svo margt gott fólk frá

Bolungarvík sjáði til.

Öskubuskuævintýri au-pair stúlkunnar

Brynja segir það sína mestu gæfu að hafa farið í Menntaskólann Ísafirði. Það hafi bæði verið hrikalega gaman að vera í MÍ og mikilvægt að verja menntaskólaárunum á Ísafirði. „Ég var því mjög brjáluð þegar kom upp sú hugmynd að stytta framhaldsskólanám í þrjú ár. Vitiði hvað það er gaman í menntaskóla! Ætliði að taka af mér heilt ár! Ne-e-ei! Ég held nú ekki. Ég var alveg fjúrus yfir þessu,“ segir hún. Eftir útskrift lá leiðin til Parísar og fékk hún au-pair pláss hjá franskri fjölskyldu rétt fyrir utan París og upphaflega var planið að vera hjá þeim í ár en var þó aðeins í nokkrar vikur og lýsir Brynja þeim tíma sem hálfgerðu öskubuskuævintýri. „Þetta var algjör katastrofa, þau voru bara vond við mig og sviku allt sem upphaflega til stóð, svo

skyndilega stóð ég frammi fyrir því að vera mjög ein í París hjá fjölskyldu sem ætlaði sér heldur betur að notfæra sér au-pair stúlkuna sína. Þegar ég les dagbókina mína frá þessum tíma þá hugsa ég af hverju: a) ég hafi ekki gefist upp og komið heim og b) að foreldrar mínir hafi ekki bara komið og sótt mig! Þetta endaði á því að ég varð einhvernvegin heimilislaus í París í smástund, 19 ára gömul, algjört grín. En ég þrjóskaðist við og fann mér nýja fjölskyldu.“

Kryfur hryðjuverk og utanríkisstefnur

Brynja Huld lærði heimspeki við Háskóla Íslands og stundaði skiptinám við Sorbonne í París og er um þessar mundir að klára meistaranám í alþjóðaöryggismálafræði við University College London. „Þetta eru í raun alþjóðasamskipti með áherslu á stríð og átök. Kúrsarnir sem ég hef setið í vetur eru ítarlegir kúrs-

ar um alþjóðaöryggi, hryðjuverk, mannréttindi, innanríkis- og milliríkjadeilur, þjóðernisátök og hvernig hanna eigi og byggja upp stjórnkerfi í löndum þar sem eru ólík þjóðarbrot og margir ólíkir hópar eins og t.d. í Afganistan, svo tryggja megi stöðugleika. Lokaritgerðin mín fjallar um hryðjuverk og utanríkisstefnu. Ég hef ekki fundið mikið af akademískum skrifum um hvaða þættir í utanríkisstefnu landa það eru sem valda því að þau séu líklegri en önnur til að verða fyrir hryðjuverkaárásam en það er það sem ég er að skrifa um. Ef við skoðum t.d. bara Vesturlöndin þá verða þau hlutfallslega fyrir mjög fáum hryðjuverkum miðað við t.d. Norður-Afríku og Mið-austurlönd. Flest hryðjuverk eiga sér stað í Pakistan, Afganistan, Írak, Nígíeríu og Sílandi. En ef við tökum þau lönd út úr menginu og skoðum bara Vesturlöndin og þá þau lönd sem verða fyrir hryðjuverkum á stórum mæli-

kvarða síðustu 15 ár þá eru það Bandaríkin, Spánn, Bretland, Belgía og Frakkland, sem eru allt lönd sem eru með mjög virka og agressíva utanríkisstefnu. Þetta eru lönd sem voru bæði fyrir og eftir tvíburaturnana, sérstaklega Bandaríkin, að skipta sér mikið af Miðausturlöndunum og löndum í Afríku. Svo eru Frakkar fyrrverandi nýlenduhöfðingjar sem og Belgar. Bretar voru virkir í Íraksstríðinu sem og Spánverjar og þá fer maður að velta fyrir sér hvort þetta sé einhver vítahringur af því að skipta sér af, verða fyrir árás, og svara eða hefna fyrir árás, verða aftur fyrir árás og svo framvegis.

Það er mikilvægt að skilja orsakir og ástæður hryðjuverka til þess að geta mótað mótvægis-aðgerðir gegn þeim. Skilgreiningin á hryðjuverkum er það að nota ofbeldi eða árásir til að skapa ótta og misnota ógnina við hryðjuverk í þeim tilgangi að ná pólitísku takmarki og fá kröfur uppfylltar. Lönd hafa fengið sjálfstæði, endurheimt landsvæði og þvingað hermenn og hersetulið af sínu yfirráðasvæði með því að beita hryðjuverkum. Þau hafa verið notuð síðan undir lok 19. aldar svo þau eru ekkert ný, en tölfræðin sýnir að það hefur orðið aukning á hryðjuverkum undanfaran ár, sérstaklega eftir Íraksinnrásina. Meira að segja akademían viðurkennir það að árásin á tvíburaturnana hafi markað þáttaskil því það var stærsta hryðjuverkaárásin á Vesturlöndin síðustu áratugin, það dóu svo rosalega margir og afleiðingarnar af þeirri árás móta heiminn sem við lifum í í dag.

Það sem hefur svo breyst síðastliðin 15–20 ár er að tækninni hefur fleygt fram svo árásirnar eru íbúðarmeiri, alþjóðleg hryðjuverkasamtök verða stærri með aukinni hnattvæðingu og pólitískur óstöðugleiki dreifist yfir til nágrannalanda. Það er búið að skapa svo mikla gremju og ójöfnuð, og margt af þessu búið að vera að malla í áratugi. Ekkert í þessum fræðum er svart-hvítt og skilin á milli skærulíða, hryðjuverkamanna og jafnvel hermanna eru óljós. Einhver sem er hryðjuverkamaður í okkar augum er jafnvel frelsishetja samlanda sinna.

Viljum blóm, ást og frið en raunin er byssur, stríð og mannréttindabrot

Þá berst tal okkar meðal annars að valdaránstílrauninni í Tyrklandi snemma í júlímánuði og voðaverkunum í Nice í Frakklandi á Bastilludeginum, 14. júlí, en þar létu 84 lífið þegar Mohamed Lahouaiej Bouhlel ók vöruflutningabíl í gegnum mikinn mannfjölda á strandgötu þar í bæ. Talið er að hann hafi notið aðstoðar nokkurra annarra einstaklinga við undirbúning

voðaverksins.

– Það sem virðist vera að gerast á Vesturlöndunum, t.d. í Nice og á fleiri stöðum, tengist svo akkúrat því sem þú ert að læra núna er það ekki?

„Jú, og þess vegna er mjög áhugavert að vera í þessu námi í staðinn fyrir mannréttindafræði eins og ég hafði verið að skoða líka. Ég var í einum kúrsi í vetur með mannréttindafræðikrökkunum og fannst áherslan vera á hvernig heimurinn ætti að vera. Við viljum náttúrulega að heimurinn virði mannréttindi, að það sé farið vel með fólk og að það sé ekki stríð, heldur blóm og ást og friður en raunin er byssur, stríð og mannréttindabrot. Kannski ekki eins mikið hér heima sem betur fer, en það virðist vera svo sem mannréttindum sé alltof oft fórnað fyrir aðra hagsmuni. Þess vegna er ég svo ánægð með að hafa valið þetta nám, því ég hef verið að læra um hvernig heimurinn raunverulega er og aðferðir til að bæta hann, en ekki hvernig hann ætti að vera.

Hún segir valdaránstílraunina í Tyrklandi ekki hafa komið sér á óvart. „Erdogan er búinn að vera mjög markvissur að brjóta á bak aftur mótmæli, setja á ritskoðun, fangelsa andólfsmenn og reka ráðamenn sem ekki eru sammála honum og svo framvegis. Hann er búinn að grípa til mjög ólýðræðislegra aðgerða og fólk vissi að aðilar innan hersins væru ekki sammála honum, þannig að nei, þetta kom ekkert rosalega á óvart.“

Hryðjuverk notuð í ólíkum pólitískum tilgangi

„Þú getur verið að reyna að ögra, sem ég hugsa að t.d. árásirnar á skrifstofu skopmyndablaðsins Charlie Hebdo í Frakklandi í janúar fyrra séu af því að þeir eru að reyna að fá Frakka til að bregðast við með loftárásum, af því að þá er auðveldara fyrir ISIS að telja fólkinn á jörðinni trú um að Frakkarnir séu vondir svo fólkíð styðji frekar ISIS en að vilja flýja frá Sýrlandi til Evrópu. Og það er svo oft sem fólk hugsar að hryðjuverkamenn séu klikkaðir. Alveg vissulega sumir, þú þarft náttúrulega að vera í ákveðnu andlegu ástandi til að ákveða að sprengja þig í loft upp fyrir málstað, en hryðjuverkasamtök sem slík eru mjög strategísk og árásirnar eru vel undirbúnar og skref í átt að markmiði. Það tekur tíma að skipuleggja hryðjuverkaárás. Þú vaknar til dæmis ekki einn morguninn og ákveður að gera risastóra árás á skemmtistað í París.“

Ætlaði að vera í París þegar árásirnar í París og Saint-Denis voru gerðar

Brynja Huld lærði heimspeki meðal annars í Frakklandi og bjó



þar í tvö og hálf ár. Eyddi hún tveimur árum í París og hálfu ári í Suður-Frakklandi. Þegar árásin á skrifstofu Charlie Hebdo í París átti sér stað var hún komin aftur heim og vann sem kynningarfulltrúi hjá UNICEF á Íslandi. „Ég man að ég var í vinnunni þegar þetta gerðist en ég hafði ætlað að vera í París þessa helgi. Þetta var stærsta árásin í tuttugu ár og stærsta árásin þar til nóvember-árasin var gerð, þannig að í minni tíð þekki ég ekki að vera hrædd við hryðjuverk í París, eða vera hrædd um vini mína. Ég man að mér fannst óbærilegt að vera ekki í París. Ég vissi að það var einhverskonar lockdown í gangi og ég vissi svo sem mjög fljótlega að það væri allt í lagi með vini mína, en mig langaði bara að vera einhvern veginn hluti af borginni minni.“

Þá hafði Brynja einnig ætlað sér að vera í París í nóvember í fyrra þegar raðir hryðjuverka-árása hófust þar, sem og í og Saint-Denis. Meðal annarra árása voru sex skotaárásir og þrjár sprengjuárásir samtímis. Sprengjur sprungu við íþróttavöllinn Stade de France í Norður-París þar sem fram fór vináttu-landsleikur á milli Þýskalands og Frakklands. Mannskæðasta árásin var í Bataclan-leikhúsinu þar sem skotið var á áhorfendur á tónleikum þar sem bandaríska hljómsveitin Eagles of Death Metal kom fram. Í þessum árásum létust 130 manns og hundruð særðust. Auk fórnarlamba dóu átta árársarmenn, en fjórir þeirra sprengdu sjálfa sig upp.

„Ég var í lestrarfrú í skólanum í London þarna í nóvember en frænka mín kemur í heimsókn þannig að ég fer ekki. Svo verður þessi rísa árás þarna á föstudeginum og ég man nákvæmlega hvar ég var, að labba í Covent Garden í London þegar ég fæ fréttirnar. Síminn minn var alveg að verða batteríslaus þegar mamma sendir mér sms og spyr hvort ég hafi séð fréttirnar og segir mér að það hafi verið gerð hryðjuverkaárás í París. Þá deyr síminn minn. Þegar ég kemst svo heim þá eru 35 dánir og svo hækkaði talan bara alla nóttina. Og þetta gerðist svona 700 metrum frá þeim stað þar sem strákur, sem var svo gott sem kærastinn minn á sínum tíma, bjó, og vinir mínir búa í nágrenninu og ég var á tónleikum þarna við hliðina á bara í júlí í fyrra. Þetta var allt í einu komið svo nálægt manni. Þarna upplifði ég í fyrsta skipti ótta sem t.d. Ísraelsmenn og Palestínúmenn búa við á hverjum degi, sem fólk í Sýrlandi hefur búið við undanfarin 5 ár, sem og í Írak og Afganistan. Í þessum löndum þar sem er svo mikil ógn alltaf, allan sólarhringinn. Þarna upplifði ég allt í einu að vera rosalega hrædd um vini mína og borgina mína. Það eru skrítnar tilfinningar sem fara af stað þegar svona gerist og ég man að ég átti erfitt með að viðurkenna hvernig árásin snerti mig af ótta við að fólk setti mig í einhvern „Vesturlandabúaflokk“ og segði „já dæmigert, Vesturlandabúar hafa bara skilning og samúð með Vesturlandabúum.“ Sem

er alveg rétt, við erum hlutdræg með okkar eigin fólki en það er líka af því að það er það sem við þekkjum. Það eru meiri líkur á að maður þekki einhvern sem býr í París heldur en í Bagdad. Ég sé þetta hins vegar sem svo að núna í fyrsta skipti höfum við einhvern smá skilning á því hvað það er að vera hræddur um að einhver sem maður þekkir deyi í ófyrirséðri árás, einhverju sem þú hefur enga stjórn á. Við ættum því að geta reynt að setja okkur í spor þeirra sem flýja stríð og mætt þeim með samúð og skilningi í stað fordóma og ótta.“

Fær fréttir um að kunningjaskona sín hafi sæst í árásinni í Nice

Á þeirri stundu þegar Mohamed Lahouaiej Bouhlel ók vöruflutningabílnum í gegnum mannfjöldann í Nice var Brynja stödd á Ísafirði. Hún var hundveik með flensuna og var nýbúin að slá Bastillufagnaði sem hún ætlaði að halda með vinum sínum á frest vegna veikindanna. Þá fær hún fregnir af því sem var að gerast í Nice. „Ég þekki Nice reyndar ekki eins vel og París og óttaðist ekki um vini mína líkt og í Parísarárásinni. En kunningjaskona mín var í heimsókn hjá ömmu sinni þar og ég fæ þær fréttir morguninn eftir árásina að hún, þessi kunningjakona mín, hafði sæst í árásinni og systir hennar og kærasti finnst ekki og hún og fjölskylda hennar eru farin að halda, þarna á hádegi þegar þau hafa ekkert heyrt, að þau hafi farist í árásinni. En þá hafði verið



Bastillufagnaður 2012.

farið með þau á eitthvað annað sjúkrahús, systirin alvarlega særð og hann eitthvað minna.

Það er svo skrítið hvernig óttinn virkar. Eftir árásina í París í nóvember fylltist ég áður óþekktri óttatilfinningu, en þegar Nice-árásin gerðist varð ég reið. Bara djöfullinn, aftur! Svo heyri ég af þessari kunningjakonu minni og þá þótti mér þetta vera óhugnanlega nálægt mér. Maður þarf að búa yfir svo miklu ótta- og æðruleysi, því þetta getur gerst hvar sem er. Og hluti af óttanum og reiðinni er að hafa meiri skilning á hvernig hryðjuverkasamtök virka og hvernig ríkisstjórnir bregðast við. Sem við sáum gerast bæði eftir nóvemberárásinu og núna í Nice. Frakkland svarar hryðjuverka-árásinni með auknum loftárásum í Sýrlandi, sem eru hlutfallslega úr öllu samhengi við árásirnar í París og Nice, drepa og særa fullt af saklausum borgurum, og fellur þar með beint í gildru hryðjuverkasamtakanna.“

Til að koma í veg fyrir ótta og fordóma og ójöfnuð þá upplýsir maður fólk

– Gera þessir atburðir hana enn ákveðnari í að læra meira og vinna við eitthvað í tengslum við það sem hún er að læra í framtíðinni?

„Já, þetta lætur mig að minnsta kosti vera mjög ánægða með námið mitt, það er mikið að gerast í heiminum um þessar mundir og mjög gagnlegt að geta greint atburði. Það leiðir mig líka að því enn frekar að maður þurfi að upplýsa fólk.“

Aðspurð hvort hún hafi velt fyrir sér hvað hún hyggist gera

að námi loknu núna í september, hver sé hennar framtíðarsýn segist hún ekki alveg hafa vitað hvað hún ætlaði sér að gera þegar hún byrjaði í náminu. „Ég var að vinna í nokkur ár á RÚV og síðar í Morgunútvarpinu á Rás 2 fannst það rosalega gaman. Æ, lífið er svo fyndið, lífið er svo mikið röð tilviljana og að vera á réttum stað á réttum tíma. Ég hafði aldrei hugsað eitthvað út í það að mig langaði að vera fréttamaður, en var þarna bara rétt kona á réttum tíma og landaði starfinu. Mig langar held ég að reyna að fara aftur út í einhverskonar fjölmiðlun, að minnsta kosti einhverskonar svona greiningu á atburðum og framsetningu á upplýsingum. Það er svo mikið af ósönnum upplýsingum þarna úti, mikið af fólki sem blammerar einhverju og veit ekki um hvað það er að tala, það er svo nauðsynlegt að stöðva falskar upplýsingar áður en þær ná flugi. Almennigur hefur ekki alltaf tíma og tólin til að athuga hvað er satt og hvað ekki. Ef maður vill breyta einhverju og koma í veg fyrir ótta og fordóma og ójöfnuð þá gerir maður það með því að upplýsa fólk. Því stjórnálmenn nýta sér líka þennan ótta til þess að komast til valda, skýrnýleg dæmi eru sennilega Brexit og Donald Trump.

Kaus ólöglega í Brexit

Bretar samþykktu undir lok júní í þjóðaratkvæðagreiðslu að segja skilið við Evrópusambandið og hafa kosningarnar fengið gælunafnið Brexit, sem er einmitt slagorð þeirra sem fylgjandi voru því að segja skilið við

ESB. Brynja upplifði undirbúning og kosningaáróður beggja aðila þar sem hún var við nám í London og segir hún að afar illa hafi verið staðið að kosningunum að hennar mati. „Það var svo hrikalega illa staðið að þessum kosningum. Ég kaus meira að segja og ég er ekki einu sinni með kosningarétt þar! Maður bara þurfti ekki að sýna skilríki. Ástralía og Nýja Sjáland tilheyra í raun enn bresku krúnunni og tveir vinir mínir, annar frá Ástralíu og hinn frá Nýja Sjálandi, voru því með kosningarétt af því að þau hafa verið í Bretlandi í einhvern ákveðinn tíma.

Sem sagt, stelpa frá Ástralíu sem ég bý með fór að kjósa og sagði svo við mig að hún hefði séð nafn Nicks sem bjó með okkur á listanum en hann flutti aftur til Ástralíu í febrúar en var enn á kjörskrá. Hún stingur upp á því að ég fari að kjósa fyrir hann. Ég sagði auðvitað þvert nei, því ég er jú augljóslega ekki Nick og

siðferðiskenndin sagði mér að ég get ekki farið og kosið ólöglega! Ég sting í staðinn upp á því að hún sendi kærastann sinn að kjósa fyrir Nick en þá var hann búinn að fara að kjósa á sömu stöð og kannski myndu þau eftir honum. Þannig að ég enda á því að senda Nick skilaboð, spyrja hvort ég mætti fara og kjósa fyrir hann. Það var auðsött mál svo lengi sem ég kysi gegn útgöngu úr ESB. Ég dríf mig á kjörstað en bjóst auðvitað aldrei við því að ég mætti kjósa. Ég geng inn og gef upp heimilisfang og fullt nafn Nicks. Þá er mér réttur seðill og strikað er yfir nafnið hans, og enginn segir neitt um það að ég sé ekki Nick svo ég bara kys!“

– Snerist kosningabaráttan um hræðsluáráður eins og hefur verið lýst í fjölmiðlum hér heima?

„Já, þetta snerist í rauninni bara um rangar upplýsingar og hræðsluáróður. „Við ætlum að taka aftur völdin og setja reglurnar sjálf, taka þessar 350 milljónir

punda á viku sem fara í EU“, sem er náttúrulega ekki rétt, þetta eru einhverjar 180 milljónir punda og peningurinn kemur að mestu til baka í formi styrkja og fleira. Svo um leið og niðurstaðan úr kosningunum var ljós þá fóru forsprakkar Brexit að draga úr yfirlýsingum og lofordum.“

Hún segir kosningabaráttuna frá hendi Brexit-sinna hafa verið mikið keyrða á innflytjendamálum og röngum upplýsingum. „Ég upplifði þetta oft sem reiða, hrædda, miðaldra hvíta karla að hrópa að við ætlum að taka aftur völdin, ráða okkur sjálf, stjórna landamærunum okkar, allt sem mér finnst einmitt vera mjög lýsandi fyrir hræðslu. Svo stukku allir leiðtogar í burtu.

Það ógnvænlegasta við þetta er að það varð mikill viðsnúningur í fordómum á einni nóttu. Það munaði mjög litlu en þetta virtist gefa Brexit fólki einhverja staðfestingu að núna megi vera með fordóma. Nú megi segja





Með foreldrunum: Fv. Óskar Ævarsson, Andrea Vikarsdóttir, Brynja Huld, Jón Ólafur Sigurðsson og Jóhanna Oddsdóttir.

útlendingum að fara, teikna svastikur og ógeðstákn á pólsk menningarhús og sprengja upp kebabúllur í Birmingham. Það er skrítið að sjá breytinguna í London núna, að sjá hvernig allir sem kusu Brexit finnst þeir mega segja „farðu heim, þú ert útlendingur!“ Og þetta er jú að mestu leyti að beinast gegn lituðum en ég á líka tvær íslenskar vinkonur sem vinna á kaffihúsi í Austur-London, og um leið og úrslitin urðu ljós var eitthvað ungt breskt fólk þar að skála af því tilefni og grínandi með hvenær þær ætluðu að koma sér heim, sitjandi á kaffihúsi þar sem nánast allir starfmennirnir voru útlendingar. Og þetta eru sætar hvítar íslenskar stelpur þannig ég get ekki ímyndað mér fordóma sem Afríkubúar eða fólk frá Mið-Austurlöndunum verður fyrir.

Svipaðir hlutir eru að gerast í Bandaríkjunum í kringum forsetaframbod Donald Trump. Fólk sem hefur þagað um sína fordóma sér einhverja opinbera figúru sem er mjög fordómafull, og fólk lítur svo á að fyrst forsetaframbjóðandi geti talað svona þá hafi það loksins fengið leyfi til að spýta út úr sér öllu hatrinu og fordómunum. Þarna

sér fólk einhvern sem því finnst vera sér æðri og segir það sem það hefur hugsað lengi og finnst þar með komin viðurkenning á því að þau hafi rétt fyrir sér. Þetta er mikið afturhvarf og þetta er það sem ég er hrædd um að gerist með Brexit.“

Langar til að hafa hátt og hafa áhrif hérna heima

Brynja er nú á kafi í ritgerðarskrifum en hún á að skila meistararitgerðinni sinni í byrjun september. Á milli þess sem hún skrifar sækir hún um vinnu í London. „Ég er mjög jarðbundin varðandi það að fá vinnu í London, bjartsýn en jarðbundin – samkeppnin er mikil og stöðurnar gera svakalegar kröfur. Það sem er svo frábært við Ísland er að við erum tilbúin til að gefa fólk tækifæri á að reyna. Ungu fólk er gefið tækifæri í allskonar stöður án þess að hafa endilega mikla reynslu, berðu ábyrgð á þessu og þú bara reddar þér. Byrjendastöður í London gera kröfu um grunnháskólapróf, meistaranám, helst 7 ára reynslu en mátt samt ekki vera eldri en 25 ára, og launin í samræmi við það, lítil eða engin. Mig langar að vinna í einhverju tengt stjórnmálum. Ekki þannig

að mig langi að fara í framboð heldur meira að nota námið mitt, sem er í raun stjórnmálafræði, til þess að öðlast dýpri þekkingu og miðla henni, með einhverskonar rannsóknnum, kennslu, skrifum eða fréttamennsku. Ég hef náttúrulega skoðanir á fullt af hlutum og finn síaukna löngun til að hafa hátt en velti fyrir mér hvort ég geti haft meiri áhrif sem einhverskonar upplýsingaveita. Lokamarkmiðið er að koma heim aftur, þegar ég verð búin að sækja mér fötur fullar af þekkingu, sjálfstrausti og víðsýni til að bera í brunninn. Draumurinn væri vissulega að búa hér á Ísafirði en aðeins tíminn og tækifærin leiða í ljós hvar ég lenti á endanum.

Æi, ég veit það ekki, ætli mig langi ekki bara að vinna við að upplýsa fólk um að þó að hlutir séu langt í burtu og ólíkir manni þá séu þeir ekki vondir. Já, ég held að þetta snúist bara um upplýsingar á endanum. Að reyna að finna mesta og réttasta sannleikann, réttustu upplýsingarnar og miðla þeim áfram í von um að hafa jákvæð áhrif á ákvarðanir og skoðanir fólks og gera þannig heiminn okkar þínulítið betri.“

harpa@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

Deiliskipulagstillögur virkjana við Kaldá og Þverá, Önundarfirði, Ísafjarðarbæ

Bæjaráð Ísafjarðarbæjar samþykkti 15. ágúst síðastliðinn að auglýsa tillögur að deiliskipulagi vegna nýrra virkjana við Kaldá og Þverá, Önundarfirði, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og umhverfisskýrslu, skv. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella.

Stefnt er að því að reisa litlar vatnsaflsvirkjanir í Önundarfirði, annars vegar við Kaldá á Hvilftarströnd og hinsvegar við Þverá í Breiðadal.

Fyrirhugað skipulagssvæði Kaldárvirkjunar mun liggja með Kaldánni, frá Hvilftarströnd að fremsta hluta Kaldárdals. Skipulagssvæði Þverárvirkjunar í Breiðadal, mun liggja með ánni sem á upptök sín innst í Þverdal í norðanverðum Önundarfirði.

Deiliskipulagstillögurnar fela í sér að reistar verða rennslisvirkjanir þar sem árvatn rennur eftir náttúrulegum farvegi og er nýtt í inntakslónum, með yfirfalli fyrir umframvatn.

Deiliskipulagstillögurnar ásamt greinargerð, verða til sýnis á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar Hafnarstræti 1 á Ísafirði, á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá 25. ágúst 2016 til og með 14. október 2016.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar til 14.10.2016.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður eða á netfangið: axelov@isafjordur.is

Axel Rodriguez Överby,
skipulags- og byggingarfulltrúi



Sportið í beinni...

fimmtudagur 25. ágúst
 17:50 Selfoss - Grindavík
 18:00 Demantamótaröðin
 18:00 The Barclays Golf
föstudagur 26. ágúst
 18:00 The Barclays Golf
 18:30 B Munchen - W Bremen
laugardagur 27. ágúst
 08:55 F1: Æfing - Belgía
 11:20 T Hotspur - Liverpool
 11:50 F1: Tímataka - Belgía
 13:30 Augsburg - Wolfsburg
 13:50 Watford - Arsenal
 13:55 Cardiff City - Reading
 16:20 Hull City - Man Utd
 16:30 Breiðablik - Stjarnan
 17:00 The Barclays Golf
 18:00 Demantamótið í París
 18:10 Real Madrid - Celta
 18:30 Leicester - Swansea
 19:00 Chelsea - Burnley
 19:00 Canadian Pacific Women's Open - Golf
 20:10 Cr Palace - Bournemouth
 20:40 Everton - Stoke
 21:50 Southampton - Sunderland
sunnudagur 28. ágúst
 11:30 F1: Keppni - Belgía
 12:20 WBA - Middlesbrough
 14:50 Man City - W Ham Utd
 16:00 The Barclays Golf
 17:50 Víkingur Ó. - FH
 18:10 Athl Bilbao - Barcelona
 19:00 Canadian Pacific Women's Open - Golf
 19:30 Valur - KR
 22:00 Pepsímörkin
mánudagur 29. ágúst
 21:00 Messan
miðvikudagur 31. ágúst
 19:05 Valur - Stjarnan

Dagar Íslands

25. ágúst 1970:

Stífla var sprengd í Miðkvísl í Laxá í Suður-Pingeyjarsýslu í mótmælaskyni við stækkun Laxárvirkjunar.

26. ágúst 1991:

Ísland tók fyrst allra ríkja upp formlegt stjórnámband við Eistland, Lettland og Litháen.


29. ágúst 1944:

Á Ísafjarðardjúpi veiddist 300 kílógramma túnfiskur og þóttu það tíðindi. Næstu daga veiddust fjórir aðrir.

Helgarveðrið

Á föstudag og laugardag: Norðaustankaldi NV-til, en annars hægari. Dálftil væta á norðanverðu landinu en skúrir sunnanlands. Hiti 8 til 15 stig, hlýjast sunnanlands.

Á sunnudag og mánudag: Hægviðri og skúrur um allt land. Hiti 7 til 14 stig.



				FYRIRGEFA	TIL SÖLU	SNJÓKOMA		KOMAST	SÁLDRI	FLÝTIR
				AFGREIÐA						
				SPOR			TÍMABILS			
				SLEPJA			SAGÐI	EKKI		
				RÍKIDÆMI				BJARGA		
				GJALD-MIÐILL			HRÓSS			
				TÆKIFÆRI			FRÁBÆR			
				ÞJÁNINGA			LÍNA			
							KÆNU			
				GARÐI		UPPURID				DRYKKUR
						STEFNA				
				FÆDDI		GÓN		KEYRA		
						ÆTTGÖFGI		VÍN		
				FARFA		LEYSIR			ORG	
						KEPPNI			VAG	
				ÞÁTT-TAKANDI			TÓNLIST			SKISSA
							SPYRJA			
								GRANNUR		
								KYN-KIRTILL		
				HÓFDÝR		SKYNJA				UNG-DÓMUR
						GEGNA				
				KRINGUM				FUGL		
								FOR		
				ÞROT		ÞEFA			VÖRU-MERKI	
						TVEIR EINS			ÆTÍÐ	
				YNDIS			RÝJA			
				BLÓMI				EIN-SÖNGUR		

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS
 OG
 JARÐAR

Mánagötu 2
 400 Ísafirði
 Sími: 456 4560
 Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is



Lausn á síðustu krossgátu

			TALIA	AFLAGA	GINNA	KLIDUR		EFNI	HAMINGJA
	EFLA	T	R	E	Y	S	T	A	
	GÖNGULAG	R	I	G	S	TVIHLJÓPI SVÍVIRÐA	A	U	
	FAG	I	Ð	N	RELL TERTA	S	U	Ð	
	GEFA EFTIR FYRIRHÖFN	S	L	A	K	A	PESSI	N	
	↓	VARÐ- VEISLA	RJÚKA TVO ÞÚSUND	Ó	S	A	ELDHÚS- ÁHALD KLIFUN	A	U
SAMTALA	S	U	M	M	A	LISTI SÝKJAST	S	K	R
FORMÓÐIR	A	M	M	A	BAND ÁREYNSLA	S	T	A	G
SJÚK- DÓMUR	M	S	ATA ÓKLEIFUR	K	Á	M	A	UPP- HRÖPUN UKI	A
SE	S	J	Ó	ÆTTBÓFGI	T	I	G	N	Í RÖÐ HALD
ÞUKL	K	Á	F	ÁHLAUP KÁL	A	T	L	A	G
	E	UNG- DÓMUR ÁLITA	Æ	S	K	A	SKERBÁLA ÁFORM	U	R
AD UTAN	Y	T	R	A	SESS RÍKI Í ARABÍU	S	Æ	T	I
DRYKKUR	T	E	LÍTIÐ FORM	L	Í	T	T	SKAUT HLJÓMA	P
ANGAR	I	L	M	A	R	KUSK	L	Ó	SLÁ TVEIR EINS
NEYTA	N	J	Ó	T	A	RASK	U	M	R
HOLA	G	A	T	ÝTAR- LEGGI	N	Á	N	A	R

Sudoku þrautir

7		9	4	6		3		
	6		5			9	8	
	5	3					1	4
4					7	8		
	7		2	1	6			
3	2			9			7	
6	9	7	1			4	3	5
8				4	5	7	9	
		1		3	9	2		

		6		5		2		
7		4	3		1			
8				4		7		3
4	9					3		7
	6	1		7				8
3		5		9	2	1		6
		2	6	3	8	5		1
		7		1	9			
5	1		7		4	8	6	



Íslandsmeistarinn þuklar og dæmir hrút á mótinu.

Enn eitt karlavígið fallið

Nýr Íslandsmeistari í hrúta-
dómum var krýndur á Sauðfjár-
setri á Ströndum um síðastliðna
helgi og var það jafnframt fyrsta
konan sem vinnur þessa keppni.
Sigurvegari og þar með Íslands-
meistari í hrúta-
dómum er Hadda
Borg Björnsdóttir á Þorpum í
Tungusveit á Ströndum. Í öðru
sæti varð Jón Jóhannsson úr
Saurbæ í Dölum og jafnir í þriðja
urðu Haraldur V.A. Jónsson á
Hólmavík, Elvar Stefánsson í
Bolungarvík og Kristján Alberts-
son á Melum í Árneshreppi.

Í flokki óvanra hrútaþuklara
sigruðu mæðgurnar Íris Ingv-
arsdóttir, Fanney og Lóa, annar
varð Halldór Már og í þriðja
sæti voru Strandamennirnir
og náttúrubarnateymið Ólöf
Katrín Reynisdóttir, Marínó
Helgi Sigurðsson og Þórey Dögg
Ragnarsdóttir

Öllum sem lögðu til vinninga
og aðstoðuðu eru færðar bestu
þakkir, þetta var skemmtilegur
dagur og ljómandi gott veður.
Um 400 manns mættu í Sævang
yfir daginn.

Jafnhliða hrútaþuklinu var
dregið í líflambahappadrætti
Sauðfjársetursins á hrútaþuklinu
í gær. Vinningshafar voru allir á
staðnum við útdráttinn að þessu
sinni, en um 400 manns mættu
á Íslandsmótið í hrúta-
dómum. Elvar Stefánsson frá Bolungarvík
vann kynbótahrút frá Mörtu og
Magnúsi á Stað í Steingríms-
firði, Maríus Þorri Ólason úr
Reykjavík vann kynbótahrút
frá Guðbrandi á Smáhörmum,
Óskar Torfason Drangnesi fékk
ásetningsgimbur frá Indriða á
Skjaldfönn, Skagfirðingurinn
Ólafur Sindrason vann forystu-
lamb frá Gróustöðum. Loks
urðu þau undur og stórmerki að
Lára Hansdóttir á bænum Á á
Skarðsströnd vann tvo vinninga,
kynbótahrút frá Svanborgu og
Karli á Kambi og gimbur frá
Nicole og Guðjóni á Heydalsá.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

SJÚKRALIÐAR OG STARFSMENN VIÐ AÐHLYNNINGU Á HEIMAHJÚKRUNARDEILD

HVEST óskar að ráða sjúkraliða og starfsmenn við
aðhlyningu á Heimahjúkrunardeild á Ísafirði. Um er að
ræða innlit, aðstoð við og aðhlyningu skjólstaðinga á
heimilum þeirra. Vinnutími er á morgunvöktum alla
daga og á 4 klst kvöldvöktum.

Starfshlutfall er 60-70% í fastar eða tímabundnar
stöður nú þegar, eða eftir nánara samkomulagi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum og
stofnanasamningi.

Nánari upplýsingar veitir Halldóra Hreinsdóttir,
deildarstjóri, í s: 450 4535, gsm: 860 7441 og á
halldorah@hvest.is.

Umsóknarfrestur er opinn.

Vinsamlegast sendið umsóknir til Heilbrigðisstofnunar
Vestfjarða, Torfnesi, 400 Ísafirði.

Umsóknareyðublað er að finna á vefnum www.hvest.is undir
viðkomandi starfsauglýsingu og í afgreiðslu stofnunarinnar á
Ísafirði. Öllum umsóknum verður svarað þegar, ráðning hefur verið
ákveðin.



Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður



HRADFYSTIHÚSÍÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda





Allt fyrir reksturinn hjá N1

Líttu við á þjónustustöð N1 á Ísafirði. Mikið úrval af ýmiss konar rekstrarvörum og hreinlætisvörum af öllum toga. Hreinsiefni, áhöld, hlífðarbúnaður, einnota vörur og margt fleira.



Netahnífur

8 cm netahnífur frá Giesser.



Snyrti-/úrbeiningarhnífur

13 cm úrbeiningarhnífur frá Giesser



Flatningshnífur

10 cm flatningshnífur frá Giesser.



Netkarfa

44L net-/fiskikarfa.



Gólfskafa

60 cm heilsteypt gólfskafa til í ýmsum litum.



Álskaft

Til í ýmsum litum.



Skófla

117 cm skófla með D gripi, til í ýmsum litum.



Gólfkústur

Stífur 45,7 cm gólfkústur.



Tork klósettpappír

Mjúkur tveggja laga klósettpappír, 28 m á rúllu.



Tork þurrkupappír

Endurnýtanlegur Wiping Plus pappír fyrir olíu og aðra vökva.



Tork handþurka

Universal Mini handþurka, 120 m á rúllu.



Tork handþurrkuarkir

Advanced Interfold pappír 21x25 cm.

Gólfþurrkur • Handsápur • Þvottaduft • Uppþvottaefni • Sótthreinsiefni • Pappírs og handsápu box
Rúðu og afþurrkunarvökvar • Þrifaáhöld • burstar • sköfur • tuskur • sköft • Einnota hanskar
Hárnet • Einnota kaffimál • Einnota svuntur • Rafhlöður

Þjónustustöð N1 Ísafirði
Hafnarstræti 21
Tengiliður: Gunnar Sigurðsson, sími 456 3574

Hluti af starfseminni

